

Fundargerð 68. fundar Fræðslusjóðs
Mánudaginn 25. september 2017 kl. 14:00 – 15:30
haldinn í Skipholti 50b. 3. hæð

Mætt: Guðrún Ragnarsdóttir, Ársæll Guðmundsson, Garðar Hilmarsson, Guðrún Eyjólfsdóttir, Svanhildur Sverrisdóttir, Fjóra Jónsdóttir, Kristín Þóra Harðardóttir, Jón Fannar Kolbeinsson.

Frá FA: Sveinn Aðalsteinsson, Björn Garðarsson.

Fjarverandi: Halldór Grönvold

Dagskrá:

1. **Fundargerð síðasta fundar** (*fylgiskjal 1*)

Fundargerð samþykkt.

2. **Ný gögn Hagstofu um stærð markhóps** (*fylgiskjal 2*)

Gögnin og fyrstu niðurstöður á greiningu þeirra vekja spurningar um skilgreiningar Hagstofunnar á hugtakinu "á vinnumarkaði", hvaða aðferðafræði er beitt við söfnun upplýsinganna og hvaða skilgreiningar liggja að baki gefa tilefni til að kanna hvort annarri aðferðafræði hafi verið beitt við söfnun gagnanna.

Afgreiðsla: FA rýni gögnin frekar og kanni hjá Hagstofunni hvernig staðið er að vinnumarkaðskönnuinni og leiti skýringa á kunnri vera á mikilli breytingu stærð markhópsins frá því sem áður hefur verið talið: Hefur skilgreiningin á IECED 1,2 breyst á tímabilinu? Skýrist þetta af nýliðun í hópnum, þ.e. að þeir sem koma inn í aldurshópinn séu síður í markhópnum, en þeir sem eldast út úr honum og hvernig eru hópar svo sem útlendingar, skólafólk og öryrkjar á vinnumarkaði skilgreindir. Upplýsingarnar verið sendar til stjórnarmanna um leið og þær liggja fyrir.

3. **Endurúthlutun 2017** (*fylgiskjal 3*) Umsóknir.

Upplýsingar um framkvæmd á fyrri helmingi árs 2017, skil og umsóknir um endurúthlutun kynntar.

Afgreiðsla:

FA kanni hvort menntaður ráðgjafi sé hjá ÞNP. Við uppgjör í árslok verði könnuð sérstaklega framkvæmd hjá nokkrum fræðsluaðilum með það að markmiði að fá skýrari mynd af framkvæmd ráðgjafarinnar.

Samþykkt að veita í samræmi við umsóknir í öllum flokkum. Fjármagn flutt milli flokka ef þörf er á.

Í uppgjori 2017 verði könnuð sérstaklega framkvæmd ráðgjafar á völdum svæðum; svo sem fjöldi einstaklinga, fjöldi viðtala pr. einstakling.

4. **Nýjar námskrár á verðlista sjóðsins** (*fylgiskjal4*)

Handwritten signatures and initials: A.G., UH, 2kb, G.H., and others.

Samþykkt að taka námskránnar inn á verðlista með þeim ákvæðum um álag vegna starfsnáms eða umsýslu.

5. Vottun námskráa (fylgiskjal 5)

Í námskrám framhaldsskóla er gerð krafa um að áfangar séu amk 50% á þrepi, en námskrár framhaldsfræðslunnar þurfa að vera amk. 75% á þrepi. Ekki hefur tekist að fá þetta leiðrétt hjá Menntamálastofnun þrátt fyrir óskir þar um. Náist ekki að leiðrétta þetta fyrir áramót hefur það áhrif á vottun nýrra námskráa.

Afgreiðsla: Framkv.stj. FA sendi erindi til mrn þar sem farið verður fram á undanþágu til samræmis við reglu framhaldskólanna.

6. Staða endurskoðunar framhaldsfræðslulaga Staðan

Er í vinnslu, en gengur hægt. Nýjar verklagsreglur við gerð frumvarpa hafa hægt á vinnunni.

Svanhildur kynni á næsta fundi verklagsreglurnar og hver staða endurskoðunarinnar verður komin.

7. Önnur mál

Guðrún Ragnarsdóttir boðar fjarveru á næsta fundi

Guðrún Eyjólfsdóttir upplýsti að hún er að láta af störfum hjá SA og að setu hennar í stjórn sjóðsins muni því brátt ljúka. Gerir hún ráð fyrir að ákvörðun liggja fyrir á næsta fundi eða jafnvel fyrr.

Guðrún Ragnarsd.
Guðrún Eyjólfsdóttir
Kristín Þorsteinsdóttir
Tóla Jónsd.
Geiró. Hilmarsson
Þróður Jónsson
Svanhildur K. Svanvísdóttir